

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Þórunn Guðmundsdóttir  
sópran  
og  
Davíð Knowles Játvarðsson  
píanó



Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 6. júlí 1993 kl 20:30

## Efnisskrá

**Davið Knowles Játvarðsson** hefur verið búsettur á Íslandi síðastliðin 10 ár og hlaut nýlega íslenskan ríkisborgararétt. Hann útskrifaðist frá Royal Northern College of Music í Manchester sem píanóleikari með undirleik sem sérgrein. Hann hefur margoft komið fram með söngvurum og hljóðfæraleikurum bæði hérlandis og erlendis.

**Pórunn Guðmundsdóttir** lauk burtfararprófi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1985 og fór síðan til Bandaríkjanna þar sem hún dvaldist í fimm ár. Þar stundaði hún nám við Indiana University í Bloomington og voru aðalkennarar hennar þar Roy Samuelsen og Klara Barlow. Pórunn hefur áður haldið einsöngstónleika hér á landi, meðal annars í Sigurjónssafni síðastliðið sumar. Einnig hefur hún komið fram sem einsöngvari með kórum, og með Kammersveit Reykjavíkur.

Ivor Gurney  
1890 - 1937

The Singer  
Down by the Salley Gardens  
All Night Under the Moon  
Old Hawk and Buckle

Claude Debussy  
1862 - 1918

Ariettes oubliées  
C'est l'extase  
Il pleure dans mon cœur  
L'ombre des arbres  
Chevaux de bois  
Green  
Spleen

Johannes Brahms  
1833 - 1897

Klage I  
Klage II  
Der Schmied

Jón Leifs  
1899 - 1968

Þrjú erindi úr Hávamálum  
Þagalt ok hugalt  
Ungr vark forðum  
Deyr fé, deyja frændr

Karl O. Runólfsson  
1900 - 1970

Hrafninn  
Viðtal við spóa  
Síðasti dansinn

### The Singer

Í daufu skini gullins lampans  
stendur söngvarinn og syngur  
og söngvarnir líkjast litfögrum sápukulum  
eða fuglum með skínandi vængi.

Og kvíkir tónar, glaðlegir eða angurværir  
hljóma um þögult loftið  
þar til herbergið hverfur hlustandanum  
og hann skynjar aðeins tónlistina.

Og fínlegir söngvarnir streyma áfram  
frá kringdum munni,  
líkt og svífandi kúlur, sem bera liti  
marglitra laglína.

### Down by the Salley Gardens

Ég hitti ástina mína niðri við Salley gardens  
þar sem hún gekk um á smáum hvítum fótum.  
Hún bað mig að fara mér hægt,  
líkt og laufin á trjánum  
en ég, ungur og heimskur,  
hlustaði ekki á hana.

Ástin mín og ég stóðum á árbakkanum  
og hún lagði hvíta hönd sína á öxl mér.  
Hún bað mig að fara mér hægt,  
líkt og sefið í ánni  
en ég var ungur og heimskur  
og er nú fullur sorgar.

### All Night Under the Moon

Næturlangt undir tunglinu  
fljúga lóurnar  
yfir dreymandi, silfurlýst engin  
yfir júní-engin.  
Þær hrópa og kalla,  
ástarraddir sem svífa um  
í næturkyrrönni.

Næturlangt undir tunglinu  
ástin mín, þótt við liggjum  
hljóðlát undir þekjunni í dreymandi ljósínu  
fljúgum við saman  
yfir júní-engin.  
Astarraddir sem svífa um  
í næturkyrrönni.

### Old Hawk and Buckle

Hvar er eigandi gamla Hawk and Buckle  
já, hvað með herra Straddler  
á þessum heita sumardegi?  
Hann er inni á kránni, búlduleitur, brosandí  
með tíu hressum félögum,  
sem þjóra þar saman.

Hvar er hestasveinninn

á gamla Hawk and Buckle  
já, hvar er Willy Jakeman  
á þessum heita sumardegi?  
Hann er að nudda augun  
með lötum hnúum sínum,  
nývaknaður af blundi á grænum bala.

Hvar er dóttirin á gamla Hawk and Buckle  
já, hvar er Jenný á þessum heita sumardegi?  
Hún situr inni í stofu,

umkringd ilmandi blómum  
og skreytir hattinn sinn  
með nýrri, rauðri strútsfjöður.

### C'est l'extase

Það er alsæla og þreyta ástarinnar,  
titringur í laufi sem blærinn gælir við,  
kór grannra radda í dökku þykki.  
Ó, viðkvæmt, ilmandi hjal og skrifjáf  
sem minnir á bliðlegt kall sem grasið  
gefur frá sér.  
Það er líkt og kliður smásteina  
undir gjálfrandi vatni.

Þessi sál sem syrgir með syfjulegu andvarpi  
hún er okkar, er það ekki - míن og þín?  
Hún andar frá sér einföldu viðlaginu  
í mildu kvöldinu, hljóðlega.

### Il pleure dans mon cœur

Það rignir í hjarta mér  
eins og það rignir á borgina.  
Hvaða angist nístir hjarta mitt?  
Ó, mjúkur niður regnsins á jörðinni  
og á þökunum  
Hversu ljúft er regnið fyrir hjarta sem leiðist.  
Það rignir án ástæðu í þessu sjúka hjarta mínu.  
Hvað - eru engin svik?  
Er þessi sorg ástæðulaus?  
Sárasta þjáningin er að vita ekki hvers vegna!  
Án ástar og án hatus  
er hjarta mitt fullt sársauka.

### L'ombre des arbres

Skuggi trjánnna í þokukennndri ánni  
leysisst upp líkt og reykur  
á meðan turtildúfurnar kurra fyrir ofan  
í hinum raunverulegu greinum.  
Hversu mjög, ó ferðalangur, endurspeglar  
þetta föla landslag sjálfan þig, fölan.  
Og hve ákaft gráta vonir þínar, drukknaðar,  
í hárra laufkrónunni.

### Chevaux de bois

Snúist, snúist, kæru tréhestar  
snúist hundrað eða þúsund sinnum,  
áfram og áfram við undirleik óbóanna.  
Barnið er rjótt, móðirin föl,  
strákar í svörtu og stelpur í bleiku,  
sumir frjálslegir, aðrir tilgerðarlegir  
allir borga með sunnudagsþpeningnum.  
Skrýtið hvað maður verður ringlaður  
af þessum bjánalega sirkus.  
Maginn er tómur, eymsli í höfði,  
fullt af vondu og glás af góðu.  
Snúist, hestar, án þess að það sé  
þörf á sporum  
til að stjórna hlaupi ykkar.  
Snúist, án vonar um hey, og flýtið ykkur nú,  
það er þegar búið að hringja til kvöldverðar  
og nöttin nálgast og dreifir hópi  
þyrstra gleðimanna.  
Snúist, snúist. Flauelshiminninn  
klæðist hægt stjörnum úr gulli.  
Kirkjuklukkan hringir angurvært.  
Snúist við glaðværan undirleik trumbanna.  
Snúist.

### Green

Hér eru ávextir, blóm, lauf og greinar  
og hjarta mitt, sem slær aðeins fyrir þig.  
Slíttu það ekki í sundur með  
hvítu höndunum þínum  
og megi þessi auðmjúka gjöf virðast  
sæt augum þínum.  
Ég kem, ennþá alþakin dögg  
sem morgunvindurinn kælir á enni mér.  
Leyfðu mér, þreyttri, að hvílast við fætur þér  
og dreyma um ljúfar stundir  
sem endurnæra mig.

### Spleen

Rósirnar voru blóðrauðar  
og bergfléttan svört.  
Elskan mín, ef þú hreyfir þig örlítið  
vakna sorgir mínar á ný.  
Himinninn var of blár, of viðkvæmur,  
hafið of grænt og loftið of milt.  
Ég óttast alltaf hvað bíður míni  
- kannski flótti þinn!  
Ég er þreytt á gljáandi kristþyrninum  
og laufkrónunum og sveitinni  
og, ó - öllu nema þér.

### Klage I

Ó, allt er horfið sem eitt sinn var gleði mín,  
líkt og aldan sem hverfur skjótt í hafið.  
Hvernig er hægt að plægja án plógs og hests?  
Ástin líkist helst þess háttar búskap  
ef engir kossar eru í spilinu.  
Það á að þvinga mig til að giftast ekklínum.

Það verður auma pínan, því hann  
er bara með hálf hjarta, -  
helmingur þess tilheyrir fyrri konunni  
og ég fæ afganginn.

### Klage II

Ó, hví hrynnur þú ekki, bjarg  
úr því ég verð að skiljast við ástvin mínn?  
Lát húma að, Guð, svo kvöldið komi fljótt  
og líf mitt hverfi líka í skuggana.

Ó, trúi næturgali, syngdu í grænum lundi  
og léttu mér þjáningu hjarta míns.  
Hjarta mitt liggur stirðnað í brjósti mér  
og finnur enga gleði hér á jörð.

Ég verð að gefast öðrum,  
sem ég elska þó ekki;  
ég fylgi ráðum föður míns og móður,  
en hjarta mitt grætur án afláts  
brennandi tárum.

### Der Schmied

Ég heyri til unnusta míns  
þar sem hann sveiflar hamrinum  
svo það glymur nær og fjær  
líkt og klukknahljómur  
um stræti og torg.

Við svarta stóna  
sitrunnusti minn  
og þegar ég geng hjá  
hvín í físbælignum og logarnir  
blossa umhverfis hann.

(Textum var lauslega snarað af P.G.)